




Nýsköpunarlandið Ísland



Stjórnarráð Íslands

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Nýsköpunarstefnan sem hér er kynnt á að gera Ísland betur í stakk búið að mæta áskorunum framtíðarinnar með því að byggja upp traustan grundvöll fyrir hugvitsdrifna nýsköpun á öllum sviðum. Nýsköpun er ekki lúxus heldur nauðsyn. Nýsköpun er ekki aðeins grundvöllur efnahagslegrar velgengni heldur lykillinn að úrlausn stærstu viðfangsefna komandi áratuga.

Hugvit einstaklinga er mikilvægasta uppspretta nýsköpunar. Það er þar sem við getum átt von á að finna lausnirnar og svörin sem munu áfram gera það mögulegt að bjóða upp á framúrskarandi lífsgæði í harðbýlu landi. Stærsta hlutverk nýsköpunarstefnu stjórnvalda hlýtur því ávallt að vera að finna leiðir til þess að leyfa þeim sköpunarkrafti að brjótast fram, finna frjósaman farveg, vaxa, dafna og þroskast í opnu og frjálsum umhverfi alþjóðlegrar samkeppni og samvinnu.

Stefna stjórnvalda í málefnum nýsköpunar verður að snúast um nálgun og aðferðir. Hún getur ekki verið tæmandi listi yfir það sem þarf að gera í eitt skipti fyrir öll. Beinir aðgerðir eru þó vitaskuld veigamikill þáttur í stefnumótuninni. Ég mun í framhaldinu kynna nokkrar þeirra sem ég hef trú á að efla nýsköpunarumhverfi Íslands með afgerandi hætti. Nýsköpunarstefna verður aldrei afgreidd endanlega með einni skýrslu, afmörkuðum lista af hugmyndum, einni yfirhalingu á stofnanaumgjörð eða þess háttar allsherjarlausnum. Hún þarf að vera þess eðlis að ekki sé tjaldað til einnar nætur og ekki bara til eins kjörtímabils.


Það hefur verið ánægjulegt að finna góða samstöðu í stýrihópi um mótun stefnunnar þar sem meðal annars tóku þátt fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkum sem sæti eiga á Alþingi sem og fulltrúar atvinnulífs og háskólasamfélags. Ég kann þeim öllum mínar bestu þakkir fyrir sitt

framlag og leyfi mér að nefna sérstaklega Guðmund Hafsteinsson frumkvöðul sem fór fyrir stýrihópnum. Einnig þakka ég verkefnastjórninni og öllum frumkvöðlum, fyrirtækjum og öðrum hagaðilum í nýsköpunarumhverfinu sem lögðu okkur lið við þessa stefnumótun

Ég trúi að framtíðin sé björt. Við höfum alla burði til að vera virkir og fullgildir þátttakendur í hröðum og síbreytilegum heimi nýsköpunar og tæknibreytinga. Það er áskorun sem við þurfum að takast á við til að tryggja framúrskarandi líf skjör og velsæld á Íslandi á komandi áratugum. Sú stefna sem hér er lögð fram gerir okkur að mínu mati betur í stakk búin til þess en nokkru sinni fyrir.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
nýsköpunarráðherra

**„Nýsköpun er ekki aðeins grundvöllur
efnahagslegrar velgengni heldur lykillinn
að úrlausnum á stærstu viðfangsefnum
komandi áratuga“**



Fjórða iðnbyltingin



Umhverfismál




Lýðfræðilegar áskoranir

Árið 2030 er Ísland




Fjölbreytt samfélag velferðar, öryggis og jafnra tækifæra. Í fremstu röð þegar borin eru saman lífsgæði og hamingja í löndum heims.




Samfélag þar sem nýsköpun er inngróin í menningu og efnahagslíf og kjörlendi til að setja á fót og starfrækja alþjóðlega samkeppnishæf fyrirtæki.



Land sem nýtir sér smæðina sem styrkleika og er vel tengt alþjóðlegu umhverfi vísinda, nýsköpunar, menningar og athafnalífs. Vel í stakk búið til að fjármagna hugvitsdrifna nýsköpun.



Samfélag þar sem virðing er borin fyrir frumkvöðlum og skapandi einstaklingum í efnahagslífi og menningu og er fyrirmynd annarra ríkja hvað varðar sjálfbæra þróun.



Samfélag þar sem
HUGARFAR • FJÁRMAGN •
MARKAÐSAÐGENGI •
UMGJÖRÐ • MANNAUÐUR
styðja við nýsköpun sem grundvöll menningarlegra og efnahagslegra lífsgæða.




Fjórða iðnbyltingin

Hraðar tæknibreytingar í samfélaginu, oft kenndar við 4. iðnbyltinguna, munu hafa mikil áhrif á líf okkar og störf í náinni framtíð og það er mikilvægt fyrir bæði samkeppnisstöðu og velferð þjóðarinnar að við tökum virkan þátt í þeim tæknibreytingum sem eiga sér stað í heiminum. Stefna og stuðningsumhverfi nýsköpunar þarf því að mynda traustar undirstöður fyrir þróun tækni og atvinnulífs hér á landi, í takt við það sem best gerist í öðrum löndum.

Hraðar tæknibreytingar fela einnig í sér margvíslegar samfélagslegar áskoranir. Huga þarf meðal annars að því að tækniþróun leiði ekki til aukinnar aðgreiningar í þjóðfélaginu og að atvinnuþróun tryggi áframhaldandi velferð hér á landi.

Nýsköpunarhæfni samfélags, getan til þess að leiða fram góðar hugmyndir og veita þeim í frjósaman farveg verður því sífellt mikilvægari forsenda lífsgæða.





Umhverfismál

Hraðar loftslagsbreytingar eru meðal stærstu samfélagslegu áskorana í heiminum í dag. Á öllum sviðum þjóðfélagsins erum við að opna augun fyrir því að ef við ætlum okkur að eiga lífvænlegt samfélag og atvinnulíf hér á jörðinni í nánustu framtíð þá þurfa að eiga sér stað verulegar breytingar á lífsstíl, venjum og hugarfari fólks.

Leggja þarf ríka áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda og meðhöndlun verðmæta út frá forsendum hringrásarhagkerfis. Nýsköpun hefur lykilhlutverki að gegna við að mæta þeim áskorunum sem tengjast loftslagsbreytingum.

Mikilvægt er að leggja áherslu á þróun grænna tæknilausna hér á landi í átt til aukinnar sjálfbærni í atvinnulífi og samfélagi. Nýjar lausnir í þágu sjálfbærni gætu einnig átt stóran þátt í aukinni samkeppnishæfni þjóðarinnar.

Stór hluti nýsköpunar felst einmitt í því að uppfylla þarfir á ódýrari og hagkvæmari hátt en áður, og getur því talist vera umhverfissvæn í eðli sínu.



Lýðfræðilegar áskoranir

Aldurssamsetning þjóðarinnar mun breytast ört á næstu árum. Spár gera ráð fyrir að árið 2030 verði færri en þrír einstaklingar á vinnufærum aldri á hvern einstakling á lífeyrisaldri.

Til samanburðar voru fimm einstaklingar á vinnufærum aldri á hvern einstakling á lífeyrisaldri árið 2011. Þetta eru gífurlega miklar breytingar sem gera það að verkum að mun færri einstaklingar standa straum af opinberri þjónustu við hvern íbúa landsins en áður.

Að öðru óbreyttu væri aðeins unnt að bregðast við þessari þróun með hækkun skatta, skerðingu þjónustu eða samspili beggja. Nýsköpun er mikilvægt verkfæri til að stuðla að aukinni framleiðni og skilvirkni í opinberri þjónustu þannig að neikvæð fjárhagsleg áhrif þessara þjóðfélagsbreytinga verði minni en ella.

Nýsköpun er lykilatriði fyrir þróun nýrra lausna í þágu heilbrigðis og velferðar í landinu sem og í þágu aukinnar samkeppnishæfni.

Leiðarljós

1. Hugvit einstaklinga er mikilvægasta uppspretta nýsköpunar
2. Nýsköpun er samofin menningu, samfélagi og efnahagslífi og þrífst meðal einstaklinga, mismunandi skipulagsheilda og í fjölbreyttu umhverfi
3. Þykjumst ekki vita það sem ekki er hægt að vita
4. Ósigrar eru óhjákvæmilegir en uppgjöf er óásættanleg
5. Engar lausnir eru endanlegar

6. Nýsköpun er ekki línulegt ferli
7. Nýsköpun er forsenda lífsgæða í fortíð, nútíð og framtíð
8. Fjármagn til rannsókna og frumkvöðla frekar en í umsýslu og yfirbyggingu
9. Áhersla á árangur frekar en útgjöld og fyrirhöfn
10. Þegar við horfum út í heim þá horfir heimurinn til okkar



Lífsgæði,
sjálfbærni og velmegun

Nýsköpun

Hugarfar

Fjármagn

Markaðsaðgengi

Umgjörð

Mannauður

Auðlindir og menning



Hugarfar sem ríkir almennt í samfélaginu gagnvart nýsköpunarstarfsemi, einkum rannsókna, þróunar og sprotastarfsemi. Það hugarfar sem ríkir til nýsköpunar í samfélaginu hefur áhrif á nýsköpunargetu þess.



Fjármagn sem varið er í rannsóknir, þróun, nýsköpun og sprotastarfsemi. Upphæð, uppruni og dreifing fjár í nýsköpunarumhverfinu hefur veruleg áhrif á umfang og eðli þess.



Markaðsaðgengi nýskapandi fyrirtækja. Þeim mun stærri markaður sem íslenskir frumkvöðlar og fjárfestar hafa aðgang að fyrir vöru- og þjónustu og fjármögnun, því líklegra er að fjölbætt nýsköpunarstarfsemi geti þrífist á Íslandi.



Umgjörð í formi stuðningsstofnana, lagaumgjarðar, innviða og samfélagsgerðar. Stuðningsumhverfi nýsköpunar, ásamt almennum leikreglum í tengslum við nýsköpun og fyrirtækjarekstur þarf ætíð að vera samkeppnishæft við það sem best gerist í heiminum.



Mannauður sem stendur íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum til boða. Á Íslandi þarf að vera til staðar fólki sem býr að þeirri þekkingu og færni sem þarf til þess að standast alþjóðlega samkeppni og íslensk fyrirtæki þurfa að geta laðað til landsins sérhæft erlent starfsfólk.



Staðan 2030

- Vilji til nýsköpunar er innbyggður í íslenskt samfélag, menningu og atvinnulíf. Litið er á nýsköpun sem forsendu fyrir blómstrandi menningu og mannlífi og þess að geta mætt samfélagslegum áskorunum ásamt því að tryggja áframhaldandi velferð og verðmætasköpun í landinu.
- Nýsköpun er stöðugt viðfangsefni í íslensku þjóðfélagi óháð kosningum, stjórnarskiptum eða tímabundnum sveiflum í efnahagslífinu. Áhersla á nýsköpun endurspeglast í allri stefnu- mörkun og aðgerðum stjórnvalda.
- Í samfélaginu ríkir virðing fyrir hvers konar nýsköpun, frumkvöðlastarfsemi, sprotastarfsemi og skapandi greinum. Litið er á frumkvöðlastarfsemi og störf fyrir nýsköpunar- og sprotafyrirtæki sem áhugaverðan og raunhæfan valkost.
- Í íslensku samfélagi ríkir skilningur á óvissu og áhættu, sem felst í nýsköpunarferlinu, hvort sem er í samfélagi, menningu eða efnahagslífi.

Vilji til nýsköpunar er innbyggður í íslenskt samfélag, menningu og atvinnulíf

- Fyrirmyndum í nýsköpun haldið á lofti og hampað.
- Nýsköpun verði hluti af menntastefnunni þannig að nemendur öðlist færni til að starfa í umhverfi sem krefst nýsköpunar.
- Stutt verði við eða stofnað til samkeppna í nýsköpun á öllum sviðum, svo sem innan skólakerfisins, meðal almennings og innan opinberra vinnustaða.
- Reynslu og þekkingu á nýsköpunarverkefnum hins opinbera miðlað á skilvirkan hátt.
- Litið verði til þekkingar og færni á sviði nýsköpunar við val á stjórnendum hjá hinu opinbera.

Nýsköpun er stöðugt viðfangsefni í íslensku þjóðfélagi óháð kosningum

- Sett verði á fót nýsköpunar- og frumkvöðlaráð sem ráðleggi stjórnvöldum um málefni sem tengjast nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi.
- Settur verði á fót samstarfshópur um nýsköpun þvert á ráðuneyti og stjórnsýslu.
- Gagnaöflun og greining á stöðu nýsköpunarumhverfisins verði mikilvægur hluti af mælaborði stjórnvalda og hagstjórn.
- Lögð verði áhersla á að fjölga íslenskum einkaleyfaumsóknum og hugverkaskráningum.

Í samfélaginu er ríkjandi virðing fyrir hvers konar nýsköpun

- Umfjöllun um nýsköpun og mikilvægi hennar verði hluti af kennsluefni í íslenskum skólum.
- Sett verði á fót safn nýsköpunar og tækniþróunar á Íslandi (sbr. Experimentarium í Kaupmannahöfn).
- Starfsemi „uppfinningasmiðja“ (fab-labs) styrkt og eflað sem víðast um land þar sem til staðar eru tæki, tól og þekking sem ýtir undir sköpun og verklega færni. Lögð verði áhersla á að nemendur í grunn- og framhaldsskólum hafi aðgang að slíkum smiðjum og aðgangur að þeim verði hluti af skólastarfi.
- Lögð verði áhersla á að styðja við íslenska hönnun og hönnuði þar sem því verður við komið, bæði í opinberum innkaupum og með öðrum stuðningi.

Í íslensku samfélagi ríkir skilningur á óvissu og áhættu

- Lögð verði áhersla á að halda á lofti skilningi á mikilvægi þess að frumkvöðlar og fyrirtækjastofnendur geti farið af stað með nýjar tilraunir þótt þeir eigi mislukkaðar tilraunir að baki.
- Fjárfesting og áhætta í tengslum við nýsköpun verði sett í eðlilegt samhengi með það í huga að nýsköpunarverkefni kalla á þolinmótt fjármagn og geta haft óvissu í för með sér.
- Skilningur ríki á því að mislukkuð tilraun í rekstri nýsköpunarfyrirtækis getur leitt af sér fjölda vel heppnaðra og ábatasamra verkefna.
- Skilningur ríki á því að nýsköpun er eins og langhlaup en ekki spretthlaup og að tekið getur mörg ár eða áratugi að ná þeim árangri sem sóst er eftir, bæði hvað varðar einstök fyrirtæki og nýsköpunarumhverfið í heild sinni.





Staðan 2030

- Til staðar er þroskað umhverfi nýsköpunarfjárfestingar. Nýsköpunar- og sprotafyrirtæki á Ísland hafa góðan aðgang að sérhæfðum fjárfestingarsjóðum fyrir nýsköpun á sprotastigi og fyrstu stigum vaxtar.
- Rótgróin nýsköpunarfyrirtæki njóta samkeppnishæfra rekstrarskilyrða sambærilegra við það sem þekkist í kringum okkur.
- Skilvirk fjárfesting í vísindarannsóknum, hagnýtum rannsóknum og tækniþróun gerir okkur mögulegt að standa í fremstu röð. Fjárfesting í rannsóknum og þróun er í samræmi við það sem gerist meðal þjóða með hæstu nýsköpunarvirkni.
- Vísindafólk og frumkvöðlar á Íslandi hafa góða möguleika á að taka þátt í fjölbreyttum alþjóðlegum verkefnum og eru í öflugum samstarfi við aðrar þjóðir um fjármagn, þekkingu og aðstöðu til nýsköpunar.

Til staðar er þroskað umhverfi fyrir fjármögnun nýsköpunar

- Stjórnvöld styðji við þróun á umhverfi sprota- og nýsköpunarsjóða á fyrstu skrefum.
- Lagaumgjörð á Íslandi styðji við margvísleg fjármögnunarform nýsköpunarhugmynda, svo sem hópfiármögnun og skráningu á markað.
- Regluverk um skattalega hvata vegna fjárfestinga verði endurskoðað með það að markmiði að auka fjárfestingu „viðskiptaengla“ í nýsköpun.
- Almennigur hafi skattalegan hvata til að fjárfesta í skráðum nýsköpunarfyrirtækjum eða taka þátt í sjóðum sem fjárfesta í nýsköpun.
- Ríkið stýri þátttöku sinni í nýsköpunarfjárfestingum með þátttöku í sjóðum þar sem markaðsbrestir eru til staðar, en fjárfesti að jafnaði ekki beint í fyrirtækjum.

Rótgróin nýsköpunarfyrirtæki njóta samkeppnishæfra rekstrarskilyrða

- Stjórnvöld séu ætíð vakandi fyrir því að tryggja almennt samkeppnishæfni Íslands fyrir nýsköpunar- og hugverkadrifin fyrirtæki.
- Áfram verði litið til endurgreiðslu skatta vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar sem hvata fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki og annarra aðgerða í þeim tilgangi að styðja við nýsköpun og hugverkategda starfsemi, t.d. patent-box, þannig að hvatar til nýsköpunar, rannsókna og þróunar séu sambærilegir við löndin í kringum okkur.
- Stjórnvöld gæti þess að stuðningur sé markviss og Ísland dragist ekki aftur úr öðrum svæðum.

Skilvirk fjárfesting í vísindarannsóknum, hagnýtum rannsóknum og tækniþróun

- Fjárfesting hins opinbera í nýsköpun fari fram í gegnum samkeppnissjóði þar sem ferlar eru skilvirkir, einfaldir og gagnsæir. Litið verði til þess að flytja umsýslu allra slíkra sjóða til Rannís.
- Ísland nái þeim markmiðum sem sett eru fram af Vísinda- og tækniráði um það hlutfall landsframleiðslu sem varið er til rannsókna og þróunar.
- Stuðlað verði að því að opinberir aðilar geri samninga við fyrirtæki um nýjar vörur eða þjónustu sem byggist á nýsköpun.
- Skattalegir hvatar verði nýttir til þess að auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum að fjármagna rannsóknarstöður og vísindaleg verkefni í háskólum.

Vísindafólk og frumkvöðlar á Íslandi hafa góða möguleika til þátttöku í fjölbreyttum alþjóðlegum verkefnum

- Unnið verði markvisst að því að tengja íslenskt fjármögnunarumhverfi í nýsköpunar- og vaxtarfyrirtækjum við stærri fjármögnunarmarkaði, svo sem annars staðar á Norðurlöndum, í Bretlandi og Bandaríkjunum.
- Átaksverkefni verði unnið til að tengja íslensk nýsköpunar- og vaxtarfyrirtæki á markvissan hátt við fjármögnunarmarkaði annars staðar á Norðurlöndum í gegnum Norðurlandasamstarf, t.d. Nordic Innovation, Nordforsk og Norræna fjárfestingabankann.
- Tryggð verði áframhaldandi þátttaka landsmanna í erlendu sjóðakerfi, svo sem styrkjum ESB til rannsókna, þróunar og nýsköpunar.
- Stjórnvöld séu meðvituð um að óstöðugleiki íslensku krónunnar, ásamt nýliðinni reynslu af gjaldeyrishöftum, getur haft neikvæð áhrif á möguleika íslenskra nýsköpunarfyrirtækja til þess að gera rekstraráætlanir og keppa um alþjóðlegt fjármagn.





Staðan 2030

- Aðgangur að alþjóðlegum markaði stendur opinur fyrir íslenskt athafnalíf og frumkvöðla og íslensk fyrirtæki eiga auðveldan aðgang að stórum markaði fyrir vörur sínar og þjónustu.
- Íslensk fyrirtæki í nýsköpun geta laðað til sín alþjóðlegt fjármagn. Íslenskir fjárfestar í nýsköpun, þar á meðal stofnfjárfestar, eiga sömuleiðis möguleika á því að fjárfesta í nýsköpun utan Íslands og alþjóðlegir fjárfestar horfa til Íslands sem ákjósanlegs kosts.
- Þétt alþjóðlegt tengslanet styður íslenska nýsköpun til árangurs. Íslenskt hugvitsfólk, fyrirtæki og fjárfestar njóta góðs af tengslum, reynslu og þekkingu í alþjóðlegu nýsköpunar- og rekstrarumhverfi.

Aðgangur að alþjóðlegum markaði stendur opinur fyrir íslenskt athafnalíf

- Íslensk stjórnvöld leggi sig fram við að stækka heimavöll íslenskra nýsköpunarfyrirtækja þannig að tækifæri til markaðssetningar og fjármögnunar góðra hugmynda takmarkist ekki við íslenska efnahagskerfið.
- Íslensk stjórnvöld standi áfram vörð um markaðsaðgang í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.
- Aukin áhersla lögð á íslenska nýsköpun í öllu alþjóðlegu markaðsstarfi út frá þörfum atvinnulífsins.
- Lögð áhersla á að kynna Ísland alþjóðlega sem nýsköpunarland.

Íslensk nýsköpun getur laðað að sér alþjóðlegt fjármagn

- Sanngjarnar og skilvirkar reglur gildi um flutning fjármagns og hugverkaréttinda inn og úr landi.
- Íslenskum sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum verði gert auðvelt að hafa stofnfé og uppgjör í myntum sem gjaldgengar eru í alþjóðlegum viðskiptum.
- Íslensk fyrirtæki geti skilað stofnskjölum og ársreikningum á ensku.

Þétt alþjóðlegt tengslanet styður íslenska nýsköpun til árangurs

- Íslensk fyrirtæki þurfa að hafa aðgang að alþjóðlegum sérfræðingum á ýmsum sviðum viðskipta, svo sem lögfræði, markaðssetningu og fjármögnun. Tryggja þarf að upplýsingar um slíka þekkingu séu aðgengilegar og þeim haldið til haga, t.d. innan stofnana í stuðningsumhverfinu eða aðgengilegar rafrænt.
- Umhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja verði þéttofið inn í stærri tengslanet, svo sem á hinum Norðurlöndunum með gagnkvæmu aðgengi að sérfræðingum og viðskiptatengslum um heim allan.
- Íslendingar hafi tækifæri til þess að vinna og starfa á sem stærstu alþjóðlegu svæði.





Staðan 2030

- Íslenskt regluverk ýtir undir samkeppnishæfni og nýsköpun. Bæði sprota- og nýsköpunarfyrirtæki búa við skilvirkt umhverfi hraðrar og málefnalegrar stjórnsýslu sem gerir Íslandi kleift að innleiða hratt tækninýjungar. Eftirlitsstofnanir starfa á skilvirkan hátt.
- Á Íslandi eru framúrskarandi innviðir til samgangna og fjarskipta. Íslensk nýsköpun og menning byggist á góðum og traustum innviðum á öllum sviðum. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi legu landsins.
- Opinbert stuðningsumhverfi nýsköpunar er skilvirkt og verkaskipting skýr. Stuðningsferlar eru einfaldir og hraðir. Opinberum aðilum sem sinna nýsköpunar-tengdum verkefnum er búin fullnægjandi aðstaða og hlutverk þeirra eru afmörkuð með skynsamlegum hætti, í þágu árangurs og þarfa atvinnulífs og nýsköpunarumhverfis.

Íslenskt regluverk ýtir undir samkeppnishæfni og nýsköpun

- Gera þarf stofnun fyrirtækja eins auðvelda og kostur er hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda aðila, t.d. með sérstöku fyrirtækjaformi fyrir sprotafyrirtæki.
- Eignarréttur fyrirtækja og frumkvöðla yfir hugverkum og viðskiptaleyndarmálum verði verndaður í hvívetna.
- Við mótnun regluverks sem snertir íslenskt atvinnulíf þarf að gæta þess að ekki séu lagðar óhóflegar kröfur á fyrirtæki og að eftirlit sé hraðvirkt, skilvirkt og feli í sér skilning á þörfum og aðstæðum atvinnulífsins.
- Íslensk lagaumgjörð taki mið af tæknibreytingum og þess verði gætt að Ísland geti verið með fyrstu löndum til þess að innleiða tækninýjungar.
- Aðgengi að gögnum í eigu hins opinbera verði opið og hver sem er geti nýtt sér það að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða.
- Stefnt verði að því að frumkvöðlar og stofnendur fyrirtækja geti fengið allar nauðsynlegar upplýsingar, t.d. um leyfisskyldu, á einum stað.

Á Íslandi eru framúrskarandi innviðir

- Ísland standi í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði þegar kemur að hraða og öryggi í gagnaflutningum. Þessir innviðir séu tryggðir öllum landsmönnum óháð búsetu.
- Traustar samgönguleiðir við helstu markaði eru forsenda fyrir alþjóðlegt rekstrarumhverfi og því verði tryggt að til staðar séu fullnægjandi mannvirki og innviðir sem eru undirstaða samgangna, svo sem hafnir, vegir og flugvellar.
- Einstaklingar og fyrirtæki þurfa að geta sent vörur og fengið sendar vörur í gegnum póstpjónustu. Umsýslutími og kostnaður við slíka þjónustu verði samkeppnishæfur við önnur svæði.
- Íslenskir frumkvöðlar og hugvitsfólk hafi aðgang að stafrænum smiðjum („Fab-labs“) og standi þeim til boða aðstaða til að smíða frumgerðir og gera tilraunir með framleiðsluhugmyndir. Slík aðstaða standi sem flestum landsmönnum til boða, óháð búsetu og þar séu til staðar hæfir leiðbeinendur.

Opinbert stuðningsumhverfi nýsköpunar er skilvirkt og verkaskipting skýr

- Lög um Vísinda- og tækniráð verði endurskoðuð til að auka sveigjanleika og skilvirkni í stuðningskerfi og stefnumótun og opinbert stuðningsumhverfi verði endurskoðað með það í huga að styrkja sérhæfingu.
- Sjóðir sem tengjast nýsköpun verði samþættir og sameinaðir til þess að einfalda umsýslu og auka skilvirkni. Innleiddur verði hugbúnaður sem heldur utan um allt styrkjakerfi hins opinbera og gagna-grunnar um rekstur hins opinbera verði bættir.
- Sameina ætti í eina skrifstofu þá aðila sem sjá um kynningu og umsýslu erlendra styrkja, svo sem Horizon-styrkjakerfið, Uppbyggingarsjóð Evrópu, NEFCO og NOPEF.
- Opinberir aðilar í stuðningsumhverfi nýsköpunar eigi að jafnaði ekki beinan eignarhlut í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum og tryggt verði að umsýslu-

stofnanir opinberra styrkja séu ekki á neinn hátt hagsmunaaðilar hvað varðar útdeilingu styrkja.

- Lögð verði áhersla á mótun og þróun vísindagarða í þá átt að þeir verði raunhæfur valkostur fyrir sprotafyrirtæki.
- Unnið verði að endurskoðun og stefnumótun um starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í þeim tilgangi að skilgreina hlutverk hennar og áherslur í stuðningskerfi nýsköpunar.





Staðan 2030

- Ísland er fjölbreytt samfélag velferðar, öryggis og jafnra tækifæra. Fjölbreyttur bakgrunnur, reynsla og færni landsmanna og öflugt tengslanet við aðrar þjóðir eflir alþjóðlega samkeppnishæfni landsins.
- Ísland býr að mannauði sem hefur hugvit, verkvit og viðskiptavit sem þarf til sköpunar efnahagslegra og menningarlegra verðmæta í alþjóðlegu þekkingar-samfélagi og til að takast á við samfélagslegar áskoranir framtíðar.
- Ísland er alþjóðlega samkeppnishæft hvað varðar starfsaðstöðu til rannsókna og tækniþróunar og íslensk frumkvöðla- og nýsköpunarfyrirtæki laða til sín starfsfólk hvaðanæva að úr heiminum. Það er eftirsóknarvert fyrir Íslendinga að flytja aftur heim að loknu námi erlendis.

Áherslur

Ísland er fjölbreytt samfélag velferðar, öryggis, jafnréttis og tækifæra

- Almenn lífsgæði, velferð, öryggi og jöfn tækifæri eru nauðsynleg forsenda fyrir möguleika Íslands til að hlúa að öfluggu nýsköpunarumhverfi.
- Á Íslandi verði hlúð að blómlegu menningarlífi og mannvænlegu samfélagi svo að áfram verði eftirsóknarvert að búa hér á landi.
- Hvatt til hreyfanleika og frumkvæðis einstaklinga á öllum sviðum. Einstaklingar njóti atvinnufrelsis sem sé ekki takmarkað af íþyngjandi kvöðum, t.d. samkeppnishamlandi ákvæðum í ráðningarsamningum, nema sérstakar ástæður komi til.
- Virðing sé borin fyrir menntun, þekkingu og tengslaneti innflytjenda og nýrra Íslendinga og þau verðmæti nýtt til þess að efla samkeppnishæfni Íslands á alþjóðavísu.

Ísland býr að mannauði sem hefur hugvit, verkvit og viðskiptavit

- Aukin áhersla lögð á þá þekkingu og færni í skóla-kerfinu sem líkleg er til þess að nýtast í atvinnu-umhverfi framtíðarinnar, svo sem STEM- greinar, hönnun, tungumál og verklega þekkingu.
- Þjálfun í nýsköpun og frumkvöðlahugsun, ásamt gagnrýnni hugsun og tilfinningagreind, verði meðal helstu markmiða menntakerfisins.
- Reglur um námslán vegna náms erlendis verði rúmar þannig að sem flestir geti sótt menntun erlendis, að hluta til eða að öllu leyti. Stutt sé við nemendaskipti og styrkjakerfi fyrir nemendur sem fara út til náms.
- Lögð áhersla á fjölbreytta kunnáttu, sífellda þekkingarleit og listrænan þroska í íslensku menntakerfi og samfélagi.
- Íslensk fyrirtæki eigi kost á því að ráða til sín starfsfólk með þá sérþekkingu sem nauðsynleg er í rekstri þeirra, og að umsóknir um atvinnuleyfi á þeim grunni séu einfaldaðar og ferlinu hraðað.

Ísland er alþjóðlega samkeppnishæft hvað varðar starfsaðstöðu til rannsókna og tækniþróunar

- Starfsmenn háskóla og rannsóknarstofnana hafi möguleika til að stofna fyrirtæki á grundvelli rannsóknar- og þróunarverkefna og vel sé skilgreint eignarhald á hugverkum sem skapast í rannsóknum, með það að augnamiði að þau nýtist til að skapa efnahagsleg verðmæti.
- Auðvelt og skattalega hagkvæmt verði að veita starfsfólki í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum hlutabréf og kauprétti sem hluta af starfskjörum.



Ítarefni


Afstaða stýrihóps gagnvart nokkrum spurningum um nýsköpun

1. Hafa stjórnvöld hlutverk í nýsköpun?

Já. Stjórnvöld og hið opinbera eru þáttur í nýsköpunarkeðjunni, allt frá stefnumótun, menntun og innviðum, yfir í mótun rekstrarumhverfis, þar á meðal fjármála- og skattaumgjarðar. Stýrihópurinn telur mikilvægt að stjórnvöld styðji við rannsóknir og fyrstu skref nýsköpunar og gæti þess að stuðnings-, laga- og rekstrarumhverfi á Íslandi bjóði upp á stofnun, vöxt og starfsemi alþjóðlega samkeppnishæfra nýsköpunarfyrirtækja. Stýrihópurinn telur almennt að beinn fjárstuðningur ríkisins eigi síður rétt á sér eftir því sem nýsköpun flyst frá stigi óvissu yfir á stig áhættu.

2. Eiga stjórnvöld að velja sérstaklega tiltekin málefni, atvinnugeira eða fyrirtæki til stuðnings eða leggja áherslu á almennt umhverfi?

Mikilvægasta aðkoma stjórnvalda að nýsköpun felst í að tryggja að almennt umhverfi sé hagstætt til nýsköpunar og fyrirtækjarekstrar. Vilji stjórnvöld hafa áhrif á þróun nýsköpunar á tilteknum sviðum eða í tengslum við samfélagslegar áskoranir ætti slíkt að eiga sér stað í gegnum samkeppnissjóði (eða aðrar sambærilegar gagnsæjar og faglegar aðgerðir). Slíkur stuðningur á fyrst og fremst við á fyrstu stigum rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar. Stýrihópurinn mælir ekki með að stjórnvöld beini með afgerandi hætti fjármagni og stuðningi til tiltekinna atvinnugreina eða fyrirtækja.





3. Eiga stjórnvöld að leggja áherslu á tiltekna stærð fyrirtækja?

Mikilvægt er að hlúa vel að rekstrar- og starfsumhverfi þeirra fyrirtækja sem mynda undirstöðu nýsköpunarumhverfis á Íslandi í krafti stærðar sinnar, fjármagns, þekkingar og reynslu. Stýrihópurinn telur eftirsóknarvert fyrir Ísland að nýsköpunarumhverfið geti af sér mörg alþjóðlega samkeppnishæf fyrirtæki jafnvel þótt hluti þeirra muni flytja hluta starfsemi sinnar og jafnvel höfuðstöðvar til annarra landa þegar vöxtur þeirra krefst þess.

4. Eiga stjórnvöld að keppast við að laða hingað erlend nýsköpunarfyrirtæki?

Stýrihópurinn leggur áherslu á að Ísland sé eftirsóknarverður staður fyrir stofnun og starfsemi nýsköpunar – og þekkingarfyrirtækja þegar kemur að almennu lagaumhverfi, aðgengi að hæfu starfsfólki, lífsgæðum og tæknilegum innviðum. Hópurinn mælir ekki með því að stjórnvöld beiti sérstökum ívilnunum í því skyni að laða til landsins erlend fyrirtæki. Þau ættu hins vegar að vera velkomin á jafnréttisgrundvelli við annan fyrirtækjarekstur hér á landi. Mikilvægt er að til staðar sé fullnægjandi þekkingamiðlun á ensku til erlendra fyrirtækja sem hafa áhuga á að setja upp starfsemi hér á landi.

**„Við höfum alla burði til að vera virkir
og fullgildir þátttakendur í hröðum
og síbreytilegum heimi nýsköpunar
og tæknibreytinga. Það er áskorun
sem við þurfum að takast á við til að
tryggja framúrskarandi lífskjör og
velsæld á Íslandi á komandi áratugum.“**

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
nýsköpunarráðherra

Stýrihópin skipuðu

Guðmundur Hafsteinsson formaður

Án tilnefningar

Ari Kristinn Jónsson

Samstarfsnefnd háskólastigsins

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins

Davíð Helgason

Án tilnefningar

Eyjólfur Guðmundsson

Vísinda- og tækniráð

Heiðrún Lind Marteinsdóttir

Samtök atvinnulífsins

Helga Valfells

Án tilnefningar

Hjálmar Gíslason

Þingflokkur Pírata

Inga Sæland*

Þingflokkur Flokks fólksins

Jóhanna Vígdís Guðmundsdóttir

Þingflokkur Samfylkingarinnar

Kristján Hall

Þingflokkur Miðflokksins

Líneik Anna Sævarsdóttir

Þingflokkur Framsóknarflokksins

María Bragadóttir

Samtök iðnaðarins

Ólafur Þór Gunnarsson

Þingflokkur Vinstri grænna

Ragnheiður Magnúsdóttir

Vísinda- og tækniráð

Sigurður Hannesson

Samtök atvinnulífsins

Steinunn Gestsdóttir

Samstarfsnefnd háskólastigsins

Tryggvi Hjaltason

Samtök iðnaðarins

Verkefnisstjórn

Guðmundur Hafsteinsson

Íris Huld Chrustersdóttir

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Sigríður Valgeirsdóttir

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Þórlindur Kjartansson formaður

* Sigurjón Arnórsson starfaði með hópnum fyrir hönd Ingu Sæland

